



Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

8. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 5. janúar 2024

kl. 13.30 - 15.15 haldinn á skrifstofu FPR í Borgartúni 27, 2 hæð og á Teams.

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eyþórsson og Þóroddur Bjarnason.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu:
 - a) Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023 (Fskj. 1)
 - b) Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 28. nóvember 2023 (Fskj. 2)
 - c) Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 18. desember 2023 (Fskj. 3)
2. Kjarasamningar. Staðan.
3. Tillaga fjárlaganefndar HÍ um að leggja niður Sáttmálasjóð. Framhald.
4. Málþing FPR, FH og HA.
5. Skipun fulltrúa FPR í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora til tveggja ára.
6. Greiðsla þóknunar til fulltrúa FPR.
7. Yfirlstur gagna FPR áður en bréf eru send út. Verklag.
8. Kjörnefnd FPR. Verklagsreglur.
9. Næsti stjórnarfundur.
10. Önnur mál.

Fylgiskjöl með fundargerð:

- 1.-3. Fundargerðir frá 31. október, 28 nóvember og 18. desember 2023.

Áður en fundurinn hófst var skoðunarferð um nýtt húsnæði FPR í Borgartúni 27, 2 hæð. Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 13.55.

1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu:

a) Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023. (Fskj. 1)

Fundargerðin var ekki tilbúin og afgreiðslu frestað.

b) Fundargerð 6. stjórnarfundar frá 28. nóvember 2023. (Fskj. 2)

c) Fundargerð 7. stjórnarfundar frá 18. desember 2023. (Fskj. 3)

Fundargerðir 6. og 7. fundar lágu fyrir fundinn. Ákveðið var að afgreiða þær í tölvupósti. Athugasemdir þurfa að berast fyrir 12. janúar. Ef engar athugasemdir berast fyrir þann tíma skoðast þær sem samþykktar.

2. Kjarasamningar. Staðan.

Eins og fram kom á stjórnarfundinum 28. nóvember sl. sendi formaður bréf til SNR þann 31. október með beiðni um fund til að ræða áætlun, verklag og kröfur FPR í komandi kjaraviðræðum. Svar hefur borist um að stefnt sé að fundi í næstu viku eða vikunni þar á eftir.

Umræða var um kröfur félagsins og helstu áherslur til að leggja fram á fundinum.

Samninganefnd FPR fer yfir kröfugerð félagsins og mætir á fund SNR.

Framkvæmdastjóri hafi samband við hagfræðing BHM um að fá uppfærðar tölulegar upplýsingar varðandi launa- og kaupmáttarþróun félaga í FPR borið saman við önnur félög BHM.

Erindi FPR um greiðslur fyrir kennskuyfirvinnu er inni á borði lögfræðings BHM og er svars að vænta fljótlega.

GBE vék af fundi kl. 14.15.

3. Tillaga fjárlaganefndar HÍ um að leggja niður Sáttmálasjóð. Framhald.

Formaður sendi rektor HÍ ályktun FPR þann 21. desember sl. þar sem fjármálanefnd háskólans var hvött til að draga til baka tillögu sína um að hætta fjárveitingum í Sáttmálasjóð. Rætt var um nauðsyn þess að fylgja málinu eftir.

4. Málþing FPR, FH og HA.

Eins og kom fram á síðasta fundi hefur formaður áhuga á því að kynna niðurstöður þeirra kannana sem félagið stóð fyrir síðastliðið haust, og þá sérstaklega þá sem var unnin í samstarfi við FH og HA. Hún lagði til að félagið stæði fyrir málþingi í samstarfi við FH og HA. Þá er áhugi fyrir því að kynna niðurstöður könnunar um álag og kulnun í starfi sem Ragna framkvæmdi meðal félagsfólks í FPR og FH árið 2022. Rætt var um að málþingið yrði um miðjan febrúar. Formaður verður í sambandi við FH og HA um málið.

5. Skipun fulltrúa FPR í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora til tveggja ára.

Skipa þarf í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora til tveggja ára. Ákveðið var að kanna hvort fulltrúar FPR í stjórn sjóðsins gefi áfram kost á sér. Þá verði send bréf til háskólanna fjögurra með ósk um tilnefningu í stjórn sjóðsins.

6. Greiðsla þóknunar til fulltrúa FPR.

Formaður ræddi greiðslu þóknunar til fulltrúa í stjórn fyrir vinnuframlag sem er umfram það sem fylgir því að vera í stjórn félagsins. Dæmi um slíkt geta verið kannanir og úrvinnsla þeirra. Samkvæmt verklagsreglum FPR þarf að ræða slíkt fyrirfram áður en verkið er unnið.

Verkefni sem liggur fyrir er greining á því hvort ómálefnalegur munur sé á launum, rannóknarstigum og þóknunargreiðslum eftir sviði, kyni eða deild. Greiningarnar eru liður í undirbúningi kjaraviðræðna og viðbrögð við ályktun um launasetningu prófessora sem vísar var til stjórnar af síðasta aðalfundi (sjá nánar fundargerð aðalfundar 24. maí sl.)

ÞB vék af fundi kl. 15.15

Ljóst er að það er hagkvæmt að ofangreind vinna verði framkvæmd af fulltrúa í stjórn sem þekkir vel til málsins. RBG er tilbúin að taka það að sér. Hún mun kalla eftir ítarlegri gögnum fyrir greininguna. Samþykkt var að hún fái greiddar allt að 24 þóknunareiningar fyrir þessa vinnu.

Þá þarf að greina nánar gögnin frá könnuninum sem voru framkvæmdar sl. haust og útbúa kynningar sbr. í lið 4. Fulltrúar í stjórn munu vinna úr þeim í samvinnu við FH og FHA.

HG vék af fundi kl. 15.20.

7. Yfirllestur gagna FPR áður en bréf eru send út. Verklag.

Rætt var um að æskilegt væri að fá prófarkalesara til að lesa yfir gögn sem félagið sendir frá sér eins og ályktanir, kröfugerðir, skýrslur og fleira ef tími gefst. Framkvæmdastjóri finnur aðila sem getur tekið það að sér.

8. Kjörnefnd FPR. Verklagsreglur.

Kjörnefnd tók fyrst til starfa fyrir aðalfund 2023 samkvæmt nýjum lögum FPR.

Á þeim aðalfundi var hún endurkjörin til þriggja ára. Á stjórnarfundum 4. apríl 2023 var rætt um hlutverk kjörnefndar og nauðsyn þess að útbúa verklagsreglur um starf hennar. Þá var ákveðið að nefndin komi með tillögu að verklagsreglum til stjórnar áður en hún tekur til starfa fram að næsta aðalfundi. Framkvæmdastjóri hefur samband við fulltrúa í kjörnefnd en hann er starfsmaður nefndarinnar.

9. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður föstudaginn 26. janúar kl. 12-14. Fundir verða á tveggja vikna fresti vegna kjarasamninga en falla niður ef engin brýn mál eru á dagskrá.

10. Önnur mál.

a) Útreikningur á tímafjölda að baki námskeiða á sviðum HÍ. Skýrsla starfshóps frá maí 2022. Framhald.

RBG ræddi um sameiginlega yfirlýsingu FPR og FH um samræmingu á útreikningi vinnustundafjölda vegna kennslu við HÍ sbr. umræðu á fundum FPR 28. nóvember og 18. desember sl. Yfirlýsingin er á lokametrinum en bætt hefur við dæmi sem sýnir samanburð á milli tveggja deilda við HÍ.

b) Kynning á starfsánægju innan HÍ.

Formaður hefur áhuga á því að fá kynningu á starfsánægu, álagi og streitu meðal starfsfólks HÍ en mannauðssvið skólans stendur reglulega fyrir slíkum könnunum. Rætt var um fá kynningu inn á stjórnarfund og síðar yrði mögulega kynning meðal félagsfólks.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16.13.

Fundarritari: LP.